



---

## STARFSLÝSING

---

### Yfirmaður ráðgjafa er félagsmálastjóri

#### 1. Meginviðfangsefni

Ráðgjafi í þjónustu við börn og forsjáraðila metur aðstæður þeirra sem til fjölskyldusviðs leita og veitir aðstoð eftir því sem við á og í samræmi við gildandi lög og reglur sveitarfélagsins í samráði við félagsmálastjóra. Ráðgjafi starfar eftir barnaverndarlögum nr. 80/2002, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hann tryggir að mál sé nægjanlega kannað áður en ákvörðun um meðferð þess er tekin og skal rökstuðningur ákvörðunar koma fram í greinargerð sem lögð er fyrir meðferðarfund eða nefndir fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar.

#### 2. Helstu verkefni

##### 2.1. Barnavernd

- Vinnsla barnaverndarmála skv. ákvæðum barnaverndarlaga er m.a. móttaka barnaverndartilkynninga, könnun mála og áætlanagerð v. viðeigandi stuðningsúrræða, stuðningur við barnið, unglingsinn og fjölskylduna.
- Vinnsla umsókna um fóstur vegna barna og unglunga og úttekt á fósturforeldrum.
- Vinnsla umsókna um þjónustu Barnahúss.
- Úttekt á umsóknum vegna stuðningsfjölskyldna og ættleiðingarmála.
- Fræðsla í barnaverndarmálum til leikskóla og grunnskóla í Fjarðabyggð í samvinnu við umfélagsmálastjóra.
- Situr reglulega teymisfundir í skólum með það að markmiði að leiðbeina fagfólki skóla í málum er varða barnavernd og taka við tilkynningum sem berast.
- Tekur bakvaktir á móti öðrum starfsmönnum sviðsins.

##### 2.2 Fjárhagsaðstoð

- Umsjón með fjárhagsaðstoð.
- Móttaka og úrvinnsla umsókna um fjárhagsaðstoð.
- Gagnaöflun og skráning mála.
- Afgreiðsla umsókna og fyrirlögn mála fyrir meðferðarfund.
- Eftirfylgd mála, stuðningur og samvinna við fjármálasvið.
- Samskipti við notendur og aðrar stofnanir.

##### 2.3 Félagsleg ráðgjöf

- Umsjón með félagslegri ráðgjöf.
- Veitir upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál einstaklinga.
- Veitir einstaklingum stuðning sem eiga við félagsleg, fjárhagsleg og/eða persónuleg vanda að stríða
- Almenn félagsleg ráðgjöf vegna ýmissa réttindamála s.s. vegna fjármálaráðgjafar, skilnaðarmála, samskiptaerfiðleika, ættleiðingarmála, forsjárdeilna o.s.frv.

##### 2.4 Félagsmálanefnd

- Þjónusta við félagsmálanefnd Fjarðabyggðar í málefnum sem tengjast starfinu.
- Fyrirlögn mála fyrir félagsmálanefnd í samvinnu við félagsmálastjóra.

## 2.5 Barnaverndarnefnd

- Þjónusta við barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar í málefnum barnaverndar.
- Fyrirlögn mála fyrir barnaverndarnefnd í samvinnu við félagsmálastjóra.

## 2.6 Stjórnsýsla

- Starfar samkvæmt samþykktum og verklagsreglum í málum fjölskyldusviðs og í samræmi við áherslur bæjaryfirvalda Fjarðabyggðar.
- Ber ábyrgð á skráningu gagna og uppfærslu mála í One félagsmálakerfi, s.s. dagála, þjónustumats, dagbóka notenda og starfsfólks.

## 2.7 Teymisvinna

- Þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum, sviðs- og meðferðarfundum fjölskyldusviðs.
- Þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum.
- Teymisvinna með samstarfsaðilum innan og utan sveitarfélagsins sem og stofnunum fjölskyldusviðs s.s. leik- og grunnskólum.

## 2.8 Samskipti

- Hefur samstarf við og upplýsir notendur og aðstandendur um mikilvæg málefni.
- Við starfsmenn á fjölskyldusviði innan stjórnsýslu sem utan.
- Við starfsmenn í stjórnsýslu Fjarðabyggðar.
- Við frjáls félagasamtök sem æskilegt er að eiga samstarf við um ýmis viðfangsefni félagsþjónustunnar.
- Við aðila vegna tengsla í velferðarmálum.
- Við stuðningsumhverfi í landshlutanum.

## 2.9 Önnur verkefni

- Ýmis tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni hverju sinni.
- Tekur saman lykiltölur og upplýsingar um árangur starfseminnar s.s. vegna ýmissa skýrslugerðar .

## 3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

### 3.1 Menntun og reynsla

Háskólamenntun í félags- menntunar- eða heilbrigðisvísindum sem nýtist í starfi.  
Þekking á málefnum félagsþjónustu og barnaverndar er æskileg.  
Reynsla og þekking af valdeflingu og endurhæfingu er æskileg.  
Góð tölvukunnátta.

### 3.2 Hæfnisþættir

Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.  
Sjálfstæði í faglegum vinnubrögðum.  
Frumkvæði og skipulagshæfni.  
Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.  
Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.  
Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Fjarðabyggð